

Prettandi fundur skólaráðs Grunnskóla Fjallabyggðar Fundurinn haldinn 3. maí 2012 kl. 10.20 við Hlíðarveg.

Mættir: Jónína Magnúsdóttir skólastjóri, Brynja Ingunn Hafsteinsdóttir foreldrafulltrúi. Fyrir hönd kennara mætti Sigríður Ingimundardóttir og Sigríður Ósk Salmannsdóttir fyrir hönd annarra starfsmanna. Nemendaráð skólans mætti en því eiga sæti; Grétar Áki Bergsson, Ágúst Örn Jónsson, Jakob Auðunn Sindrason, Þórey Vala Friðfinnsdóttir, Elsa Hrönn Auðunsdóttir, Hákon Leó Hilmarsson og Daníela Jóhannsdóttir.

Dagksrá

1. Fundargerð síðasta fundar
Fundargerðin yfirfarin og samþykkt.
2. Nemendaráð skólans mætti til fundar við skólaráð
Nemendur sögðu frá starfi ráðsins í vetur og óskum fyrir næsta skólaár. Ánægja er með velheppnað starf og má þar nefna viðburði á borð við jólaball og hrekkjavökuball. Óánægju gætit í ráðinu með viðburði sem tókust ekki vel og má þar nefna páskaballið. Nemendaráð kom einnig á framfæri óánægju sinni með undirbúning árs hátíðar skólans í þeim tilgangi að læra af þeim undirbúningi og gera betur næst. Rætt var um fyrirkomulag og skipulagningu félagsstarfs á næsta skólaári. Taldi ráðið mikilvægt að fá meiri stuðning frá samnemendum því erfitt væri að standa fyrir félagsstarfi í andrúmslofti þar sem nemendaráði er gefið að sök að gera ekki nóg.
Nemendaráð kom eftirfarandi þáttum á framfæri fyrir næsta vetur til hagsbóta fyrir nemendur;
 - að starfrækja sjoppu í frímínútum og hádegi
 - lengja hádegishlé í 40 mínútur
 - að meta starf í nemendaráði sem valgrein
 - óska eftir hugmyndum að félagsstarfi á meðal nemenda í unglíngadeild næsta haust
 - minnka vinnuálag á nemendur í apríl á næsta skólaári því of mikið er um ritgerða- og verkefnaskil á síðustu vikum skólaársins
3. Skóladagatal 2012-2013
Skólastjóri lagði fram tillögu að skóladagatali fyrir næsta skólaár. Einnig svari mennta- og mennignarmálaráðuneytisins dags. 16. apríl 2012 sem svar við beiðni um túlkun á nokkrum álitaeftum sem lúta að skiptingu skóladaga í grunnskólum milli kennsludaga og annarra skóladaga. Svarið er birt sem álit á vef ráðuneytisins.
Nokkrar umræður spunnust um skóladagatalið og túlkun ráðuneytisins. Skiptar skoðanir komu fram um vetrarfrí og/eða haustfrí. Skólaráð samþykkti framkomna tillögu skólastjóra.
4. Starfsmannakönnun 2012
Niðurstöður starfsmannakönnunar skoðaðar, frá 10. apríl s.l.
5. Önnur mál
Rætt um heimasíðu skólans og undirbúning að skipulagi næsta skólaárs.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12.00